

Alþjóðlegar og þvermenningarlegar rannsóknir: Aðferðir við þýðingu á mælitækjum

Útdráttur

Á undanförunum árum hafa alþjóðlegar og þvermenningarlegar rannsóknir í hjúkrunarfræði aukist. Áreiðanleiki og réttmæti mælitækjanna sem notuð eru í þessum rannsóknum geta ráðið því hvort niðurstöður eru rétt til komnar og því þarf að viðhafa vönduð vinnubrögð við þýðingu þeirra til að tryggja að svo sé. Í þessari grein er kynnt aðlöguð aðferðafræði MAPI-rannsóknastofnunarinnar (MAPI Research Institute) sem notuð er við þýðingar mælitækja og er í fjórum skrefum: frumþýðing; bakþýðing; forprófun; og prófarkalestur. Hagnýting þessarar aðferðafræði er kynnt í greininni og dæmi gefin um þýðingu mælitækjanna: Könnun á lífsgæðum unglunga með astma og Könnun fyrir foreldra unglunga með astma. Forprófun mælitækjanna, á sjö íslenskum unglungum með astma og foreldrum þeirra, er einnig lýst.

Lykilorð: Alþjóðlegar rannsóknir, þvermenningarlegar rannsóknir, þýðing mælitækja, aðferðafræði, MAPI-rannsóknastofnunin.

Inngangur

Talsverð aukning hefur orðið hin síðari ár í alþjóðlegum og þvermenningarlegum rannsóknum í hjúkrunarfræði (Perneger, Leplége, og Etter, 1999). Með þessari þróun er hjúkrunarfræðin að feta í fótspor annarra fræðigreina sem eiga sér lengri hefð í alþjóðlegum rannsóknum. Mikilvægi alþjóðlegra og þvermenningarlegra rannsókna felst m.a. í því að hægt er að gera samanhæð á milli þjóðlanda og menningarheima, sem og að þróa aðferðir sem taka mið af menningu einstaklinga. Alþjóðlegar rannsóknir eru þó einungis áreiðanlegar ef mælitækin sem notuð eru mæla það sama í öllum löndum og/ eða menningarheimum þar sem fyrirhugað er að framkvæma rannsóknina (Weidmer, 1994).

Æskilegt er að mælitæki í alþjóðlegum og þvermenningarlegum rannsóknum séu hönnuð með tilliti til tungumála og menningarheima allra þeirra þátttakenda sem fyrirhugað er að taki þátt í rannsókninni. Það er þó sjaldnast gerlegt, þar sem hönnun á nýjum mælitækjum er mjög tímafrekt ferli sem getur auk þess verið mjög kostnaðarsamt. Því eru mælitæki oftast þýdd

af einu tungumáli yfir á annað (Chang, Chau og Holroyd, 1999). Markmið þýðingarinnar er ávallt það að þýðingin eigi að vera eins nálægt merkingu upprunalega mælitækisins og kostur er, auk þess sem þýðingin þarf að vera á auðskiljanlegu máli. Með þetta í huga hafa höfundar þessarar greinar þýtt nokkur mælitæki fyrir alþjóðlega rannsókn sem fyrirhugað er að framkvæma bæði hér á landi og í Bandaríkjunum á lífsgæðum unglunga með astma og fjölskyldum þeirra.

Tilgangur þessarar greinar er að: (a) kynna viðurkennda alþjóðlega aðferðafræði sem notuð hefur verið við þýðingu mælitækja og hvernig hún var aðlöguð við þýðingu mælitækja úr ensku á íslensku, (b) greina frá hagnýtingu þessarar aðlöguðu aðferðafræði, (c) kynna niðurstöður þýðingarferlis á tveimur mælitækjum.

Þýðing mælitækja

Það er mikilvægt að viðhafa vönduð vinnubrögð þegar unnið er að þýðingu mælitækis af einu tungumáli yfir á annað, þar sem gæði þýðingarinnar, auk réttmætis og áreiðanleika mælitækjanna, geta ráðið því hvort niðurstöður rannsókna eru rétt til komnar (Maneesriwongul og Dixon, 2004; Munet-Vilaró og Egan, 1990; Weidmer, Brown og Garcia, 1999). Þýðing mælitækja er mjög huglægt ferli (MAPI Research Institute, 2004) og verður vandasamara eftir því sem það tungumál, og sú menning sem upprunalega mælitækið er hannað fyrir, er ólíkara því tungumáli og þeirri menningu sem það er þýtt yfir á (Weidmer, 1994).

Nauðsynlegt er að styðjast við viðurkenndar aðferðir, í stað handahófskenndra, þegar rannsakendur eru að vinna að þýðingu mælitækja. Engin aðferð er þó fullkomin (Maneesriwongul og Dixon, 2004) og ekki hefur verið sannað að nein

Höfundar og
ábyrgðarmenn:

Brynja Örlýgsdóttir lektor hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Tölvupóstfang: brynjaor@hi.is
Dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir dósent hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

ein aðferð skili betri árangri en önnur (Perneger o.fl. 1999). Þó eru flestir rannsakendur sammála um það að ekki sé viðunandi að nota einungis þá aðferð að þýða mælitæki „frá orði til orðs“. Rökstuðningurinn við það að nota fleiri en eina aðferð við þýðingu er sá, að engin ein aðferð geti stuðlað að nægjanlegu samræmi (equivalence; réttmæti) milli upprunalegu útgáfunnar og þeirrar nýju (Weidmer o.fl.1999; Hyrkäs, Appelqvist-Schmidlechner og Paunonen-Ilmonen, 2003).

Samræmi milli mælitækja

Þegar mælitæki eru þýdd af einu tungumáli yfir á annað þarf þýðingin að vera í samræmi við málvenjur (idiomatic) og menningu þess tungumáls sem það er þýtt yfir á. Því getur verið nauðsynlegt að nota fleiri en eitt orð, og jafnvel setningar, til að ná fram merkingu orðs eða hugtaks (Weidmer o.fl. 1999). Samræmanleika mælitækja er hægt að skipta upp í nokkra flokka, svo sem: (a) samræmi í merkingu (semantic equivalence); (b) samræmi í hugtökum (concept equivalence); og (c) samræmi í útliti (technical equivalence) (Hilton og Skrutkowski, 2002; Weidmer o.fl. 1999).

Samræmi í merkingu mælitækja þýðir að merking spurninga sé sú sama í menningu tungumálsins sem mælitækið er þýtt yfir á og í upprunalegri útgáfu þess.

Hugtakasamræmi þýðir að merking spurninganna skipti máli fyrir þýðið/úrtakið sem verið er að rannsaka (oft eru einhverjar ákveðnar kringumstæður ríkjandi í einu þjóðfélagi, sem ekki fyrirfinnast í öðru).

Einnig er nauðsynlegt að útlit (samræmi í útliti) spurningalistanna sé það sama á báðum tungumálunum, og má þar nefna t.d. feitletrun, undirstrikun, punkta, númer og kóðun svara (Matías-Carrello o.fl., 2003).

Aðferðir við þýðingu mælitækja

Nokkrum aðferðum við að þýða mælitæki hefur verið lýst í fræðunum. Má þar fyrst nefna mælitæki sem eru einungis þýdd af frumtungumálinu yfir á t.d. íslensku, með eða án forþrófunar (forward translation). Þessi aðferð er ódýr og tekur ekki

langan tíma, en er ekki sterk hvað aðferðafræði varðar, þar sem ekki er gengið úr skugga um hvort upphafleg útgáfa mælitækisins samræmist þýðingunni (Maneesriwongul og Dixon, 2004). Þess vegna hefur verið mælt með að auka gæði þýðinga á mælitækjum í þvermenningarlegum og alþjóðlegum rannsóknum með því að mælitækin séu þýdd aftur (bakþýdd) yfir á frumtungumálið (t.d. íslensku) af tvítyngdum einstaklingi (backtranslation) (Guillemin, 1995; Guillemin, Bombardier og Beaton, 1993; Perneger, Lepège, Guillain, Ecosse og Etter, 1998). Eftir að mælitæki hefur verið bakþýtt er hægt að sjá hvort um merkingarfræðilegt samræmi sé að ræða milli upprunalegrar útgáfu mælitækisins og þýðingarinnar. Þó að gæði þýðingarinnar aukist við bakþýðinguna, þá verður að hafa í huga að auðvelt er að bakþýða óaðfínanlega ef upphaflega þýðingin er setningalega byggð upp eins og tungumálið sem þýtt er af. Þess vegna er einnig nauðsynlegt að bera þýðinguna og upphaflega mælitækið kerfisbundið saman og forþróa svo þýdda mælitækið (Maneesriwongul og Dixon, 2004; Tang og Dixon, 2002). Samkvæmt Sechrest, Fay og Zaidi er endanleg ákvörðun um orðaval og leiðréttingar tekin sameiginlega af þýðingahópnum, svo að hlutdrægni (bias) þýðenda og/ eða bakþýðenda komi ekki fram (sjá Weidmer o.fl. 1999). Módel Brislin (1970, 1986) er þekkt aðferð við þýðingar á þvermenningarlegum mælitækjum, sem felst í því að frum- og bakþýðingar eru endurteknar (nýr frum- og bakþýðendur eru fengnir fyrir hverja endurtekningu) þar til samræmi hefur náðst í merkingu upprunalega mælitækisins og þess sem það er þýtt yfir á. Jones, Lee, Phillips, Zhang og Jaceldo (2001) settu fram endurskoðaða útgáfu af módeli Brislin, þar sem tveir eða fleiri þýðendur frum- og bakþýða mælitækin hver í sínu lagi og komast síðan að sameiginlegri niðurstöðu. Ef ekki verður komist að samkomulagi um útgáfu mælitækisins sem er merkingarlega eins og upprunalega mælitækið er ferlið endurtekið.

Með það að markmiði að auka gæði þýðinga enn frekar hafa sumir þýðendur kallað saman leikmenn (t.d. sjúklinga) til að taka þátt í rýnihópum og hjálpa þannig þýðendum við val á orðum og setningum við hæfi. Einnig hafa fræðimenn lýst þeirri aðferð að láta hvern þýðanda fyrir sig flokka/gefa spurningum einkunn eftir því hversu erfitt það reyndist þeim að þýða spurningarnar og hversu vel þeim finnst hafa tekist til með þýðinguna. Er þetta gert með það í huga að auðvelda endanlega ákvörðun þýðingateymisins á orðalagi þess sem þýtt er (Bullinger o.fl., 1998).


MAPI-rannsóknastofnunin

MAPI-rannsóknastofnunin (MAPI Research Institute) í Frakklandi er alþjóðleg rannsóknastofnun sem hefur það að markmiði að þróa og þýða mælitæki til notkunar um heim allan. MAPI-rannsóknastofnunin var stofnsett árið 1995 og hefur frá

upphafi lagt áherslu á rannsóknir á heilsutengdum lífsgæðum (health-related quality of life (HR-QoL)). Við stofnunina starfa fjölmargir sérfræðingar frá yfir 65 þjóðlöndum, úr ýmsum starfsstéttum, og styðjast þeir við viðurkenndar aðferðir við þýðingar sínar. Höfundar þessarar fræðigreinar hafa haft

aðferðafræði MAPI-rannsóknastofnunarinnar til hliðsjónar við þýðingu á mælitækjum á lífsgæðum unglunga með astma, sem fyrirhugað er að nota í alþjóðlegri rannsókn (MAPI Research Institute, 2004 a) (sjá mynd 1).

Mynd 1. Aðlöguð aðferðafræði MAPI-rannsóknastofnunarinnar við þýðingu mælitækis af einu tungumáli yfir á annað.



Aðferðafræði

Í alþjóðlegri rannsókn á fjölskyldum unglunga með astma, sem fyrirhugað er að framkvæma hér á landi og í Bandaríkjunum, verða notuð fjölmörg mælitæki (alls 10 talsins), sem verið er að þýða af ensku yfir á íslensku. Hér á eftir verða tekin dæmi um þýðingu tveggja mælitækja: Könnun á lífsgæðum unglunga með astma (PedsQLTM Asthma Module Version 3.0 Teen Report (ages 13-18)), sem lagt verður fyrir unglunga með

astma, og Könnun fyrir foreldra unglunga með astma (PedsQLTM Asthma Module Version 3.0 Parent Report for Teens (ages 13-18)), sem lagt verður fyrir foreldra unglunga með astma. Höfundur beggja mælitækjanna er James W. Varni og eru þau frá árinu 1998. Hvort mælitæki fyrir sig hefur fjóra undirvarða sem kallast: „Astmi“; „Meðferð“; „Áhyggjur“; og „Samskipti“.

Spurningar mælitækjanna fyrir foreldra og unglunga eru 28 talsins og er Likert-skali (1-5) notaður (frá „aldrei“ til „næstum alltaf“).

Við þýðingarferlið var stuðst við aðlagða aðferðafræði MAPI-rannsóknastofnunarinnar í Frakklandi. MAPI-rannsóknastofnunin hefur einkaleyfi á mælitækjunum og leggur mikla áherslu á að þýðingarferlið sé framkvæmt í fjórum skrefum eins og lýst verður hér á eftir (sjá mynd 1). Hafist var handa við þýðingarferlið eftir að leyfi hafði fengið frá stofnuninni til þýðingarinnar.

Fyrsta skref: Frumþýðing

Fyrst voru upphaflegu mælitækin (sjá 1. á mynd 1) þýdd af ensku yfir á íslensku af tveimur hjúkrunarfræðingum (2a og 2b). Þýðendurnir reyndu að þýða mælitækin í samræmi við íslenskar málvenjur, en ekki frá orði til orðs. Auk þess útbjuggu þeir lista yfir mögulegar útgáfur af þeim setningum og orðum sem þeir voru í vafa um þýðingu á (Guermazi o.fl., 2004). Eftir að frumþýðingunni var lokið voru þýðingar hjúkrunarfræðinganna bornar saman (2c). Eftir umræður og vangaveltur var komist að samkomulagi um fyrstu drög (sjá 2d. á mynd 1).

Annað skref: Bakþýðing

Eftir að fyrstu drögin (2d) voru fullgerð unnu tveir fræðimenn, annar með BA-gráðu í ensku og hinn löggiltur skjalapýðandi á ensku, að því að þýða mælitækin (2d) af íslensku yfir á ensku (3a og 3b) án þess að hafa séð ensku útgáfuna áður. Bakþýðendurnir og hjúkrunarfræðingarnir sem unnu fyrstu drögin (2d) að mælitækinu (þ.e. þýddu það af ensku og yfir á íslensku) báru svo ensku bakþýðinguna (3a og 3b) saman við upprunalega mælitækið (1), eins og það er útgefið af höfundum, til að meta hvort samræmi væri í merkingu (þetta vinnuferli er merkt sem skref 3c á mynd 1) (Torres, Torres, Rodríguez og Dennis, 2003). Hjúkrunarfræðingarnir og bakþýðendurnir ræddu saman og komust í framhaldi af því að merkingu spurninganna, sem endaði í þróun nýrra draga að mælitækinu (3d), en þá var mælitækið fyrst tilbúið til forprófunar.

Þriðja skref: Forprófanir

Önnur drög að mælitækjunum (3d) voru forprófuð (4a) á sjö íslenskum unglungum og foreldrum þeirra. Þátttakendum var kynntur tilgangur forprófunarinnar. Tíminn sem það tók

að svara spurningalistunum var skráður, sem og athugasemdir varðandi óskýrleika innihalds, misskilningur varðandi innihald og merkingu orða, auk athugasemda og ábendinga (þetta ferli er skref 4b) (de Barros og Alexandre, 2003). Eftir að forprófuninni var lokið komust þýðendur að samkomulagi um þriðju drög þýðingarinnar (4c).

Fjórdá skref: Prófarkalestur

Lokaskrefið felst í því að þriðju drög að mælitækjunum (4c) eru lesin yfir af sérfræðingi, sem er í þessu tilfalli sérfræðingur í lungnasjúkdómum barna, og prófarkalesin af íslenskufraeðingi (5a). Þegar þessu skrefi er lokið eru mælitækin tilbúin (5b) til áreiðanleika- og réttmætisprófunar.

Niðurstöður

Greint verður frá hagnýtingu aðlagðrar aðferðafræði Mapi-rannsóknarstofnunar og niðurstöðum þýðingarferlis tveggja mælitækja úr ensku í íslensku.

Frumþýðing

Þýðendur útbjuggu lista yfir öll þau orð og setningar í upphaflega mælitækinu sem þeir voru óvissir um hvernig rétt væri að þýða á íslensku (sjá mynd 1 og töflu 1). Öll vafaatriði tengdust astmaeinkennum og því voru sérfræðingar í lungnasjúkdómum barna fengnir til aðstoðar til að finna þau orð og hugtök sem mest eru notuð og skiljast almennt af íslenskum unglungum með astma.

Tafla 1. Listi yfir orð og setningar sem þýðendur voru óvissir um hvernig réttast væri að þýða.

Upprunalega útgáfan Unglingar (foreldrar)	Tillögur að íslenski þýðingu
My chest hurts or feels tight (Pain or tightness in his or her chest)	Verkur eða herpingur í brjóstakassanum* Verkur eða þyngsli fyrir brjósti
I feel wheezy (Feeling wheezy)	Hvæsandi öndun* Hvæsandi útöndun Ýlandi öndun/útöndun Lengd útöndun
I get out of breath (Getting out of breath)	Andnauð* Andþrengsli Andstuttur

*Tillögur sem valdar voru fyrir fyrstu drög (2d).

Erfiðast var að finna íslenska þýðingu á enska orðinu „wheezing“, þar sem látbragð og hljóðlíking er mjög oft notuð í stað orða til að lýsa ástandinu. Þá var almennt samkomulag um það að „hvæsandi öndun“ væri það sem unglungar og foreldrar skildu og notuðu helst, en til frekari skýringar voru „pípanði útöndun“ og „ýlandi útöndun“ höfð í sviga. Eftir að samkomulag hafði náðst um þessi sértæku orð var samræmi á milli þýðinga hjúkrunarfræðinganna (2a og 2b) nokkuð gott og var fullkomið samræmi í 17 spurningum af 28 í

unglingalistanum, og 14 af 28 spurningum í foreldralistanum. Ósamræmi hjúkrunarfræðinganna fólst í mismun á orðalagi (eins og til dæmis: „Skýra veikindi út fyrir öðrum“ og „Útskýra sjúkdóm fyrir öðrum“), en aðallega þó í mismun á málfræðilegri uppbyggingu spurninganna (t.d. „Vera kvíðin/n þegar ...“ og „Verða kvíðin/n þegar ...“). Fullkomið samkomulag náðist um fyrsta uppkast þýðingarinnar (2d) eftir umræður og vangaveltur.

Bakþýðing

Bakþýðendur og hjúkrunarfræðingarnir sem unnu fyrstu drögin (2d) að mælitækinu fundu engan merkingarbæran mun á bakþýðingu mælitækjanna (3c) og upprunalegri útgáfu þeirra (1). En þar sem kapp var lagt á að þýða mælitækin í samræmi við íslenskar málvenjur (2d), og bakþýðendurnir þýddu fyrstu drögin (2d) samviskusamlega beint af íslensku yfir á ensku,

þá náðist einungis fullkomið samræmi á milli 10 spurninga af 28 í bakþýðingunni (3a og 3b) og fyrstu drögum (2d) mælitækisins sem er ætlað unglíngum, og á milli sjö spurninga af 28 í mælitækinu sem ætlað er foreldrum (sjá töflu 2). Sem dæmi sem er á mismun í samræmi má nefna að í bandarískri ensku er ríkari hefð fyrir notkun eignarfnafna á undan nafnorðum en í íslensku (sjá dæmi * í töflu 2). Í mælitækinu fyrir unglínga voru þrjú atriði sem voru ónákvæmlega þýdd og tvö í mælitækinu fyrir foreldra, annaðhvort í frumþýðingu (2d) eða bakþýðingu (3a og 3b). Eftir samanburð, leiðréttingar og vangaveltur var komist að samkomulagi að öðrum drögum (3d) þýðingar mælitækjanna.

Tafla 2. Dæmi um misræmi á milli upprunalegra mælitækja og bakþýðingar

Mælitæki fyrir unglínga		Mælitæki fyrir foreldra	
Upprunalegt mælitæki (1)	Bakþýðing (3a)	Upprunalegt mælitæki (1)	Bakþýðing (3a)
My chest hurts or feels tight	I have had chest pain or a tight chest	Pain or tightness in his or her chest	Pain or tightness in the chest
I feel wheezy	I have been wheezing	Feeling wheezy	Wheezing
I have asthma attacks	I have suffered asthma attacks	Waking up at night with trouble breathing	Waking up at night with breathing difficulties
My medicines make me feel sick	The prescribed medicine makes me feel bad	Medicines making him or her feel sick	Feels sick because of the medicine he/she is taking
I have trouble using my inhaler*	I have trouble using the inhaler*	Trouble sleeping because of the medicine	Difficulties sleeping because of the medicine
I get scared when I have to go to the doctor	I get scared when I have to see a doctor	Controlling his or her asthma	Controlling the asthma

Forprófun

Sex unglíngar og eitt barn sem er að komast á unglíngsaldur, sem öll þjást af astma, og svo foreldrar þeirra, voru fengin til að forprófa önnur drög (3d) mælitækjanna (sjá töflu 3). Það tók unglíngana að meðaltali 6:30 mínútur að svara listunum (frá 4:30 til 10 mínútur); og foreldrana þrjár mínútur (frá 1:40 mínútum til fjögurra mínútna). Fjöldi athugasemda um óskýrleika, misskilning þátttakenda, spurningar og ábendingar má sjá í töflu 3.

Athugasemdir komu frá unglíngunum á borð við það að það vantaði svarmöguleikann „Á ekki við“ og að merking hugtaka væri ekki skýr (t.d. „Hvæsandi öndun“ og „Innúði“). Ábendingar foreldra voru af sama toga og ábendingar unglínganna. Þrír

bentu á óskýrleika í skýringartexta mælitækjanna og einu foreldri fannst við hæfi að bæta við svarmöguleikanum „Veit ekki“. Athugasemdir voru gerðar við tvær spurningar: „Hversu mikið vandamál hefur verið fyrir unglínginn þinn undanfarinn mánuð að hafa stjórn á astmanum“ og „Hversu mikið vandamál hefur verið fyrir unglínginn þinn undanfarinn mánuð að leika úti“. Merking þeirrar fyrri þótti ekki skýr, en í þeirri seinni þyrfti að nota aðra orðræðu til að ná fram réttri merkingu, því það er hæpið að eldri unglíngar tali um að leika sér úti við. Þessar ábendingar voru vel þegnar, en ekki var mögulegt að taka tillit til þeirra allra í lokaeintaki

Tafla 3. Aldur og fjöldi athugasemda þátttakenda í forprófun á mælitækjum um lífsgæði unglinga með astma.

	N	Meðalaldur	Athugasemdir v/óskýrleika	Misskilningur	Spurningar	Ábendingar
Unglingar: Stúlkur	5	13,5	3		3	1
Drengir	2	15,5	2	1		
Foreldrar: Mæður	6	---	2	1		2
Feður	1	---	1			1

mælitækjanna, þar sem höfundur mælitækjanna, J.W. Varni, hefur ekki gefið leyfi til breytinga á innihaldi spurninga og svarmöguleika. Eftir að forprófun (4a) var lokið fóru frumþýðendur yfir spurningar og athugasemdir (4b) og löguðu það sem þeir töldu rétt fyrir þriðju drög mælitækjanna (4c).

Prófarkalestur

Í prófarkalestri var stuðst við sömu aðferðafræði og lýst er á bls. 8 hér að framan áður en gengið var frá lokaeintaki mælitækisins (5b).

Umræður

Það vinnulag sem liggur að baki vel þýddum mælitækjum má ekki vanmeta (Weidmer, 1994). Stuðst hefur verið við aðlagðra aðferðafræði MAPI-rannsóknastofnunarinnar, við íslenska þýðingu þeirra mælitækja sem lýst hefur verið hér að ofan. Til þýðingar á mælitækjunum voru valdir fræðimenn sem hafa reynslu af þýðingum og var ráðgjöf sótt til sérfræðinga á viðeigandi sviði þegar þurfa þótti. Þýðingarferlið var tímafrekt, en tíminn sem fór í þýðinguna á mælitækjunum var í samræmi við það sem MAPI-rannsóknarstofnunin ráðleggur þýðendum, sem sé að reikna með átta vikum í þýðingarferlið. Þýðendur telja að markmiðinu með þýðingunni hafi verið náð, þ.e.a.s. að íslensk útgáfa mælitækjanna hafi náð merkingu upprunalegra mælitækja og sé á auðskiljanlegu máli. Vinnunni er þó ekki lokið, þar sem eftir er að prófa réttmæti og áreiðanleika mælitækjanna, og bera saman við upprunalegu bandarísku útgáfurnar.

Þýðingu mælitækja hefur ekki alltaf verið gefinn nægilega mikill gaumur. Oft hefur handahófskenndum aðferðum verið beitt með hjálp vina og ættingja, án þess að haft sé í

huga að þýðing mælitækja yfir á annað tungumál krefst ekki einungis góðrar tungumálakunnáttu, heldur einnig klínískrar reynslu (Hyrkäs, Appelqvist-Schmidlechner og Paunonen-Ilmonen, 2003; Weidmer, 1994). Maneesriwongul og Dixon (2004) leggja áherslu á það að alltaf skuli vera gefin nákvæm lýsing á þýðingarferlinu í greinaskrifum til þess að lesandinn geti dæmt um gæði þýðingarvinnunnar, en þessu er oft ábótavant í fræðigreinum. Maneesriwongul og Dixon hafa flokkað rannsóknir sem fjalla um þýðingar á mælitækjum frá aðferðalegu sjónarhorni, og komast að þeirri niðurstöðu að aðferðafræði þýðinga mælitækja sé mjög oft ábótavant, og einnig skorti víða lýsingar á aðferðafræðinni og þeim aðilum sem framkvæma þýðinguna.

Margar aðferðir má nota við þýðingu mælitækja eins og rakið hefur verið hér að framan, en engin þeirra er fullkomin (Maneesriwongul og Dixon, 2004). Aðlöguð aðferðafræði MAPI-rannsóknastofnunarinnar, sem notuð var hér að ofan (sjá mynd 1), er kynnt í nokkrum skrefum til að tryggja að sem best samræmi sé milli þýddu mælitækjanna og þeirra upprunalegu. Eitt af þessum skrefum er bakþýðing. Þótt bakþýðing sé ekki talin fullkomna aðferðafræðina sem beitt er við þýðingar, þá er sú aðferð mikið notuð í dag og álitin hluti af hefðbundnu ferli þegar rannsóknarmælitæki eru þýdd af einu tungumáli yfir á annað (Hyrkäs o.fl. 2003). Aðlöguð aðferðafræði MAPI-rannsóknastofnunarinnar er kynnt í mörgum skrefum og innifelur helstu aðferðir við þýðingar sem notaðar eru í dag, en notkun rýnihópa og flokkun/einkunnagjöf þýðenda á spurningum (eftir hversu erfitt er að þýða spurningarnar og hversu vel tekst til með þýðinguna) er ekki hluti af aðferðafræði MAPI-rannsóknastofnunarinnar. Ekki hefur verið sýnt fram á að gæði þýðinga verði endilega meiri með þessum viðbótum, auk þess sem þær krefjast mikils mannaúds og eru því kostnaðarsamar (Perneger o.fl. 1999).

Á heimasíðu Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands er mælitækjabanki, þar sem upplýsingar er að finna um erlend mælitæki sem þýdd hafa verið á íslensku (<http://www.hjukrun.hi.is/id/1009270>). Stofnun mælitækjabankans er verðugt framtak, þar sem nemendur og hjúkrunarfræðingar sem

stunda rannsóknir geta fengið upplýsingar um mælitækin sem kynnt eru á vefsíðunni og komið sér í samband við þýðandann (sem getur gefið frekari upplýsingar um aðferðafræðina sem beitt er við þýðinguna). Enn sem komið er eru mælitæki mælitækjabankans fá og þurfa því íslenskir rannsakendur oft að þýða mælitækin sem þeir ætla að nota í rannsóknum sínum. Til þess að áreiðanleiki og réttmæti fræðimennskunnar haldist hvetja höfundar þessarar greinar íslenska hjúkrunarfræðinga til að tileinka sér þá aðferðafræði sem hér er kynnt við þýðingu á mælitækjum þegar unnið er að alþjóðlegum, þvermenningarlegum, sem og íslenskum rannsóknum.

Heimildalisti

- Brislin, R.W. (1970). Back-translation for cross-cultural research. *Journal of Cross-cultural Psychology*, 1(3), 187-216.
- Brislin, R.W. (1986). The wording and translation of research instruments. Í W.L. Lonner og J.W. Berry (ritstj.) *Field methods in cross-cultural research* (bls.137-164). Newbury Park, CA: Sage.
- Bullinger, M., Alonso, J., Apolone, G., Leplége, A., Sullivan, M., Wood-Dauphinee-Wood, S., o.fl. (1998). Translating health status questionnaires and evaluating their quality: The IQOLA project approach. *Journal of Clinical Epidemiology*, 51(11), 913-923.
- Chang, A.M., Chau, J.P.C. og Holroyd, E. (1999). Translation of questionnaires and issues of equivalence. *Journal of Advanced Nursing*, 29(2), 316-322.
- De Barros, E.N.C., og Alexandre, N.M.C. (2003). Cross-cultural adaptation of the Nordic Musculoskeletal Questionnaire. *International Nursing Review*, 50, 101-108.
- Guerhazi, M., Poiradeau, S., Yahia, M., Mezganni, M., Fermanian, J., Elleuch, H., og Revel, M. (2004). Translation, adaptation and validation of the Western Ontario and McMaster Universities Osteoarthritis Index (WOMAC) for an Arab population: The Sfax modified WOMAC. *Osteoarthritis and Cartilage* 12, 459-468.
- Guillemin, F. (1995). Cross cultural adaptation and validation of health status measures. *Scandinavian Journal of Rheumatology*, 24, 61-63.
- Guillemin, F., Bombardier, C., og Beaton, D. (1993). Cross cultural adaptation of health related quality of life measures: Literature review and proposed guidelines. *Journal of Clinical Epidemiology*, 46, 1417-1432.
- Hilton, A., og Skrutkowski, M. (2002). Translating instruments into other languages: Development and testing processes. *Cancer Nursing*, 25(1), 1-7.

- Hyrkäs, K., Appelqvist-Schmidlechner, K., og Oksa, L. (2003). Validating an instrument for clinical supervision using an expert panel. *International Journal of Nursing Studies*, 40, 619-625.
- Hyrkäs, K., Appelqvist-Schmidlechner, K., og Paunonen-Ilmonen, M. (2003). Translating and validating the Finnish version of the Manchester Clinical Supervision Scale. *Scandinavian Journal of Caring Science*, 17, 358-364.
- Jones, P.S., Lee, J.W., Phillips, L.R., Zhang, X.E. og Jaceldo, K.B. (2001). An adaptation of Brislin's Translation Model for Cross-Cultural Research. *Nursing Research*, 50(5), 300-304.
- Maneesriwongul, W, og Dixon, J.K. (2004). Instrument translation process: A methods review. *Journal of Advanced Nursing*, 48(2), 175-186.
- MAPI Research Institute (2004 a). Linguistic Validation-Introduction. Sótt 10. apríl 2005 af <http://www.mapi-research.fr/1-02-intr.ht.htm>
- Mapi Research Institute (2004 b). Methodology. Sótt 10. apríl 2005 af <http://www.mapi-research.fr/i-02-meth.htm>
- Matias-Carrelo, L.E., Chávez, L.M., Negrón, G., Canino, G., Aguilar-Gaxiola, S., og Hoppe, S. (2003). The Spanish translation and cultural adaptation of five mental health outcome measures. *Culture, Medicine and Psychiatry*, 27, 291-313.
- Munet-Vilaró, F. og Egan, M. (1990). Reliability issues of the Family Environment Scale for cross-cultural research. *Nursing Research*, 39, 244-247.
- Perneger, T.V., Leplége, A. og Etter, J.F. (1999). Cross-cultural adaptation of psychometric instruments: Two methods compared. *Journal of Clinical Epidemiology*, 52(11), 1037-1046.
- Perneger, T.L., Leplége, A., Guillaín, H., Ecosse, E. og Etter, J.F. (1998). COOP charts in French: Translation and preliminary data on instrument properties. *Quality of Life Research*, 7, 683-692.
- Tang, S.T. og Dixon, J. (2002). Instrument translation and evaluation of equivalence and psychometric properties: The Chinese sense of Coherence Scale. *Journal of Nursing Measurement*, 10, 59-76.
- Torres, M.M., Torres, R.R.D., Rodriguez, A.M.P. og Dennis, C.L. (2003). Translation and validation of the Breastfeeding Self-Efficacy Scale into Spanish: Data from a Puerto Rican population. *Journal of Human Lactation*, 19(1), 35-42.
- Weidmer, B. (1994). Issues and guidelines for translation in cross-cultural research. American Statistical Association: 1994 Proceedings of the Section on Survey Research Methods, 2, 1226- 1231.
- Weidmer, B., Brown, J. og Garcia, L. (1999). Translating the CAHPSTM 1.0 survey instruments into Spanish. *Medical Care*, 37(3), MS89-MS96.

Glefsur úr gömlum blöðum

Til ritnefndar

Það er stundum sagt að þeir gagnrýni mest, sem gera minnst. Eflaust á þetta við um mig, en nú ætla ég samt að senda ykkur tóninn.

Ég er ekki ánægð með blaðið eins og það er, og hefur verið allt frá því ég man fyrst eftir því.

Furðulegt annars að hafa ekki sagt það fyrr.

Blaðið er, eins og félagið, sem gefur það út: dauf glansmynd. Þar er svo til aldrei tekið á þeim málefnum, sem verða að teljast stórvægileg fyrir hjúkrunarstéttina.

Blaðið segir frá ýmsum fundum, lýsir dagskrá þeirra, telur upp hverjir hafi haft sig í að leggja eitthvað til málanna, en segir aldrei hvað hafi komið fram í þeim efnunum. Það sama er að segja um frásagnir af mótum hjúkrunarkvenna og þingum sem haldin hafa verið erlendis. Þá er gerð grein fyrir þátttakendum, upptalning á þeim málefnaflokkum sem til umræðu hafa verið,

en sjaldan nokkrar niðurstöður birtar og þar af leiðandi ekki tekin afstaða til nokkurs hlutar í því sambandi ...

Nú, alls konar smælki er í blaðinu, s.s. skráttur, hjúskapartilkyrningar, spakmæli, málshættir o.fl. En látum það vera. ... Íslenskar hjúkrunarkonur tala helzt ekki um annað en það, sem gott er og fagurt.

Á félagsfundi komum við þróðbúnar með blítt bros á vör og hlökkum til að hitta gamlar skólasystur og drekka með þeim kaffi. Og kannski ef við erum heppnar, hlusta á ferðasögur. Var einhver að ræða um málefnalegar umræður? ...

Verði ekki stefnubreyting hjá blaðinu frá því sem nú er, þrátt fyrir öll óþægindi sem af því kunna að hljóta, þá legg ég til að útgáfa blaðsins verði lögð niður, en þess í stað keyptir lampar handa okkur öllum.

(Tímarit Hjúkrunarfélags Íslands, 4 tbl. 1970, Pósthólfíð, Ingibjörg Helgadóttir)